



Viðtakandi Allsherjar- og menntamálanefnd **Dagsetning** 3. júní 2024
Sendandi Menningar- og viðskiptaráðuneytið **Málsnúmer** MVF23110133

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun.

Allsherjar- og menntamálanefnd óskaði eftir umsögnum um frumvarp menningar- og viðskiptaráðherra til laga um breytingu á lögum um listamannalaun (937. mál á 154. löggjafarþingi) á tímabilinu 13.–27. maí sl. Alls bárust sextán umsagnir. Í 15 umsögnum er lýst stuðningi við framgang frumvarpsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir afstöðu ráðuneytisins til þeirra efnislegu athugasemda við frumvarpið sem fram koma í umsögnunum.

1. Fjárhæð mánaðarlauna.

Í umsögnum BHM, FÍL, FÍT, Fís, RSÍ og SÍM er lagt til að fjárhæð mánaðarlegra starfslauna hækki, hún sé lág og hafi dregist aftur úr almennri launaþróun.

Upphæð mánaðarlegra starfslauna er ákveðin í 1. mgr. 4. gr. laga um listamannalaun. Hún miðast við 266.737 kr. á verðlagi fjárlaga 2009 og hana skal endurskoða við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Á þessu ári nemur fjárhæðin 538.000 kr. Það er rétt ábending að launavísitala hefur hækkað umfram hækkun mánaðarlegrar fjárhæðar listamannalauna frá árinu 2009. Við vinnslu frumvarpsins var þó ákveðið að leggja áherslu á fjölgun mánaðarlauna umfram hækkun launatölnunnar til að auka fjölbreytni og tryggja fleiri listamönnum, á breiðari grunni, aðkomu að kerfinu. Ráðuneytið bendir á að löggin bjóða upp á talsvert svigrúm við mat á því hvernig fjárhæð listamannalauna breytist ár frá ári. Jafnframt bendir ráðuneytið á að ekki er um eiginleg laun að ræða, heldur styrki sem greiddir eru út sem verktakagreiðsla. Samanburður við kjarasamningsbundin lágmarkslaun sætir því fyrirvara.

2. Hlutfall annarra starfa samhliða töku listamannalauna.

Í umsögnum FÍT, FÍS og RSÍ kemur fram að þeir sem hljóti listamannalaun til fleiri mánaða en 6 megi einungis sinna sem nemur 33% starfi samhliða töku launanna. Þar sem starfslaunin séu lág leiði það til of lágra tekna á starfslaunatímabilinu.

Í 2. mgr. 4. gr. laga um listamannalaun kemur sú regla fram, að þeir sem njóti starfslauna í sex mánuði eða lengur skuli ekki gegna fullu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að ráðherra megi með reglugerð skilgreina hvað teljist fullt starf í þessum skilningi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um listamannalaun, nr. 834/2009, telst 67% starf vera fullt starf í skilningi laganna. Svo segir að þeir sem njóti starfslauna í sex mánuði eða lengur „skulu því ekki gegna öðru starfi sem telst meira en þriðjungur úr stöðugildi meðan þeir fá greidd starfslaun“.

Verði frumvarpið að lögum er nauðsynlegt að endurskoða umrædda reglugerð. Við þá endurskoðun telur ráðuneytið að til greina komi að endurskoða umrætt ákvæði.

3. Tæknileg útfærsla og fyrirkomulag greiðslna.

Í umsögn FÍT kemur fram að listamönnum ætti að bjóðast meira svigrúm við það hvernig tæknilegri útfærslu á greiðslum listamannalauna háttar eftir því sem hentar miðað við stöðu hvers þega.

Á vef Rannís eru greinargóðar almennar upplýsingar um listamannalaun, þ. á m. um fyrirkomulag greiðslna, og að nokkurt svigrúm þar að lútandi er þegar leyft, svo sem um að ákvarða upphafsmánuð og fresta töku launa. Ráðuneytið bendir þó á að nauðsynlegt er að draga viss mörk að þessu leyti til að minnka flækjustig og þar með umfang og kostnað við umsýslu kerfisins.

4. Skipun úthlutunarnefndar og skilgreining launasjóðs kvikmyndahöfunda.

Í umsögn FK, Félags kvikmyndagerðarmanna, kemur fram að frumvarpið tryggi ekki aðkomu heimildamyndagerðarmanna að launasjóðnum. Eingöngu tvö félög kvikmyndahöfunda tilnefni aðila í úthlutunarnefnd. Þá sé tekið fram í frumvarpinu að sjóðurinn sé fyrir leikstjóra og handritshöfunda og að við þá upptalningu ætti að bæta „öðrum aðalhöfundum kvikmynda“.

Ráðuneytið bendir á að með frumvarpinu er ekki ætlunin að útiloka höfunda heimildarmynda að sjóðnum og telur ekki að það megi lesa út úr frumvarpinu. Þá telur ráðuneytið ekki tilefni til að fjölga í hópi þeirra hagsmunafélaga sem tilnefna skulu í úthlutunarnefnd, þar sem í því felst aukið flækjustig og réttara er að reynsla komist á störf sjóðsins áður en nauðsyn þess er metin. Ráðuneytið bendir á að úthlutunarnefndir sérgreindra launasjóða starfa undir eftirliti stjórnar listamannalauna, þær skulu gæta að faglegum sjónarmiðum og jafnrétti í störfum sínum og starfa í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni. Um þá ábendingu að bæta ætti „öðrum aðalhöfundum kvikmynda“ við upptalningu leikstjóra og handritshöfunda bendir ráðuneytið á að sú upptalning kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, en ekki í frumvarpsgrein sem lagt er til að verði lagagrein. Í lagagreininni verður eingöngu minnst á kvikmyndahöfunda og ekki er tilefni til að skilgreina það hugtak þröngt. Ráðuneytið beinir því til allsherjar- og menntamálanefndar að árétta þetta í nefndaráliti, telji hún efni til.

5. Heiti launasjóðs hönnuða.

Í umsögn Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs er m.a. lagt til að nafni launasjóðs hönnuða í lögnum verði breytt í launasjóð hönnuða og arkitekta. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við að nafninu verði breytt eins og lagt er til í umsögninni. Breytingin kallar á breytingar á 1., 3. og 11. gr. frumvarpsins.

6. Dreifing úthlutunarmánaða milli sjóða.

Í umsögnum Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs, RSÍ, STEFs og Tónskáldafélags Íslands er lagt til að dreifing úthlutunarmánaða á milli mismunandi starfslaunasjóða verði önnur en sú sem lagt er upp með í frumvarpinu.

Dreifingin í frumvarpinu tekur mið af hlutfallslegri dreifingu í gildandi lögum og tölfræðilegum upplýsingum frá Rannís um fjölda úthlutunarmánaða sem hlutfall af umsóknarmánuðum hvers sjóðs (árangurshlutfall) síðustu tíu ár. Ráðuneytið sýnir sjónarmiðum hagsmunaaðilanna skilning og telur hver þeirra tefla fram skynsamlegum rökum. Ómögulegt væri þó að gera breytingar sem mæta myndu öllum sjónarmiðum. Ráðuneytið hyggst fylgjast náið með þróun nýs fyrirkomulags, verði frumvarpið að lögum, og meta reglulega hvort ástæða sé til að leggja til breytingar, m.a. hvað snýr að dreifingu fjármagns milli sjóða.

7. Samtenging launasjóða og verkefnasjóða.

Í umsögn Rannís er lagt til að sérstaklega verði heimilað að tengja saman umsókn í starfslaunasjóð og í verkefnasjóð, einkum að því er varðar sviðslistir, þannig að heimilt verði að veita styrk úr launasjóði til listahóps ef umsókn í launasjóð er tengd umsókn í verkefnasjóð. Í umsögninni kemur fram að þegar sé

úthlutun úr launasjóði sviðslistafólks tengd sviðslistasjóði þótt formlega sé um aðskildar umsóknir að ræða. Auðvelda myndi umsýslu og vera til hagsbóta fyrir sviðslistahópa ef hægt væri að sameina úthlutun sviðslistasjóðs og launasjóðs sviðslistafólks.

Ráðuneytið telur að þessi sjónarmið þurfi að meta í víðara samhengi áður en gerð er lagabreyting í þá veru sem Rannís leggur til. Nauðsynlegt er að meta vandlega hvaða áhrif breytingin hefði í ljósi eðlismunar á sviðslistasjóði, sem styrkir verkefni, og launasjóði sviðslistafólks, sem styrkir einstaklinga, og hvaða fordæmisgildi slík breyting getur haft. Ráðuneytið hefur skilning á sjónarmiðunum og hyggst taka þau til nánari skoðunar, þar sem m.a. verður haft samráð við haghafa. Sú vinna mun fara fram samhliða vinnu ráðuneytisins að endurskoðun reglugerðar um sviðslistasjóð.

8. Útfærsla styrkveitinga úr Vexti og Vegsemd.

Í umsögn Rannís er bent á að fyrirkomulagið um úthlutun úr þverfaglegu sjóðunum Vexti og Vegsemd, eins og það er lagt upp með frumvarpinu, bjóði upp á að ágreiningur skapist um skiptingu mánaða á milli listgreina. Jafnframt, að áhersla stjórnar listamannalauna hafi verið að nýliðun í kerfinu sé minnst 5%, en að samkvæmt frumvarpinu verði mánuðir til úthlutunar úr Vexti, sjóði ungra listamanna, lægra hlutfall af heildinni.

Fyrirkomulag greiðslna úr Vexti og Vegsemd, sem lagt er upp með í frumvarpinu, gerir ráð fyrir að úthlutunarnefndir sérgreindra sjóða geri tillögur til stjórnar listamannalauna um úthlutun úr þverfaglegu sjóðunum. Stjórnin úthluti fé úr sjóðunum. Ráðuneytið telur að fyrirkomulagið veiti stjórninni svigrúm til að setja úthlutun úr Vexti og Vegsemd viðmið í samræmi við áherslur sínar, hlutfallslega dreifingu milli sérgreindra sjóða og eftirspurn. Ráðuneytið tekur undir það sem fram kemur í umsögn Rannís, að sú skipting þurfi ekki að vera lögbundin, heldur sé hluti af verkefni stjórnar að ákveða fyrirkomulagið nánar, m.a. í samráði við úthlutunarnefndir sérgreindu sjóðanna.

Um nýliðunarhlutfallið bendir ráðuneytið á að ekki er sjálfstætt markmið með lagasetningunni að nýliðun í starfslaunakerfinu fari eingöngu fram í vegnum þverfaglega sjóðinn Vöxt. Þvert á móti er Vexti ætlað að stuðla að enn aukinni nýliðun, samhliða hinni eðlilegu nýliðun sem á sér þegar stað í sérgreindu sjóðunum.

Ráðuneytið telur að rétt sé að reynsla komist á nýtt kerfi áður en metið verði hvort skynsamlegt sé að stjórn listamannalauna fái heimild til að ákveða hærri úthlutun úr Vexti og Vegsemd á kostnað sérgreindu sjóðanna.

9. Opinber útgjöld til menningar og fjölgun opinberra sjóða.

Í umsögn Viðskiptaráðs er lagt til að frumvarpið verði endurskoðað. Frumvarpið gangi gegn markmiði stjórnvalda um lækkan verðbólgu. Fremur ætti að fækka sjóðum en að fjölga þeim.

Ráðuneytið bendir á að aukinn stuðningur við listsköpun og listamenn er samkvæmur stefnu stjórnvalda eins og hún kemur fram, skýrum orðum, í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna. Starfslaunakerfi listamanna hefur verið óbreytt að eðli og umfangi frá árinu 2009, að undanskildum tímabundnum hækkunum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Á sama tíma hefur vöxtur hagkerfisins verið mikill og hið sama má segja um fólksfjölgun í landinu. Verði frumvarpið að lögum fjölgar árlegum styrktareiningum (mánaðarlaunum) úr 1.600 í 2.670 sem er fjölgun um 66%. Ef jafnlangt verður að bíða næstu breytingar á kerfinu og liðinn er frá þeirri síðustu jafngildir það því árlegri aukningu upp á rúm 2%. Samhengisins vegna bendir ráðuneytið á að hlutur listamannalauna af vergri landsframleiðslu nemur á milli 0,02 og 0,03%.

Afstaða menningar- og viðskiptaráðuneytisins er að til staðar sé uppsöfnuð innstæða og ríkt tilefni til að auka umfang listamannalauna á þann hátt sem lagt er til með frumvarpinu. Þegar kemur að fjölgun sjóða bendir ráðuneytið á, að í samhengi umsagnar Viðskiptaráðs er nærtækara að líta á starfslaunasjóð listamanna sem

einn sjóð, þrátt fyrir að hann sé deildaskiptur eftir málefnum og að orðið „sjóður“ sé hluti af nafni sérgreindra deilda.

Niðurstaða.

Umsagnir um frumvarpið eru að langmestu leyti jákvæðar og mæla með samþykkt þess. Af þeim ábendingum um mögulegar breytingar á frumvarpinu telur ráðuneytið að verða megi við tillögu Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs sem varðar nafn launasjóðs hönnuða.